



MOSFELLSBÆR

Alþingi

Nefndasvið Alþingis

150 Reykjavík

Mosfellsbær, 9.11.2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórnýslu jafnréttismála, 15. mál.

Á fundi bæjarráðs Mosfellsbæjar þann 22. október 2020 var forstöðumanni þjónustu- og samskiptadeildar falið að veita umsögn um frumvarp til laga um stjórnýslu jafnréttismála.

Mosfellsbær tekur undir meginatriði í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið en áður hafði Sambandið veitt ítarlega umsögn um drög að frumvarpinu í samráðsgátt stjórnvalda.

Mosfellsbær er sammála þeirri leið að setja sérlög um stjórnýslu jafnréttismála með breiðara gildissviði en áformuð lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Samkvæmt frumvarpinu verða verkefni Jafnréttisstofu enn aukin frá gildandi lögum en eingöngu er gert ráð fyrir því að fjölgað verði um eitt stöðugildi hjá Jafnréttisstofu sem ekki verður séð að sé raunhæft mat á þörf fyrir mannafla.

Þá tekur Mosfellsbær undir þá ábendingu Sambandsins að mikilvægt sé að rýna sérstaklega verkaskiptingu milli stofnunarinnar og skrifstofu jafnréttismála í forsætisráðuneytinu.

Arnar Jónsson,

forstöðumaður þjónustu- og samskiptadeildar.